

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2021

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Nóvember
2021

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2021

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Nóvember
2021

Ritstjórn:
Benedikt Guðmundsson
Jón Ragnar Guðmundsson

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Vefsíða: <http://www.os.is/>
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun
Yfirllestur: Þórunn Erla Sighvats

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar.
Efni skýrslunnar má nota, en þess er óskað að heimildar sé getið.

OS-2021-04
ISBN 978-9979-68-582-1

Nóvember 2021

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2020	5
2.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2020	5
2.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	5
2.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	5
2.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	6
2.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	6
2.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	7
2.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	7
2.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	7
2.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	7
2.5	NIÐURSTAÐA ÁRSINS 2020	8
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2021	9
3.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2021	9
3.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	9
3.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	9
3.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	10
3.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	10
3.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	11
3.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	11
3.2.6	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2021	11
3.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	11
3.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	12
4	FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2022	12
4.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2022 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	12
4.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS	13
4.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	13
4.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	13
4.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	13
4.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	15
4.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	15
4.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	15
4.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	16
5	NIÐURLAG	16

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 OG FÉ TIL RÁÐSTÖFUNAR FYRIR ÁRIÐ 2020	5
TAFLA 2: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2020 Í GWST.....	6
TAFLA 3: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2020 Í M.KR.	6
TAFLA 4: STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGA ÁRIÐ 2020.....	6
TAFLA 5: SKIPTING VIÐFANGS 112 MILLI DREIFIVEITNA Á ÁRINU 2020 Í M.KR.	7
TAFLA 6: SKIPTING KOSTNAÐAR FYRIR VIÐFANG 113 Á ÁRINU 2020 Í M.KR.	7
TAFLA 7: UPPHAFS- OG LOKASTAÐA VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2020	8
TAFLA 8: NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 112 - JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU ÁRIÐ 2020	8
TAFLA 9: NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA ÁRIÐ 2020	8
TAFLA 10: NIÐURSTAÐA FJÁRLAGALIÐAR 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2020.....	9
TAFLA 11: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 OG FÉ TIL RÁÐSTÖFUNAR FYRIR ÁRIÐ 2021	9
TAFLA 12: UPPHAFSSTAÐA OG ÁÆTLUÐ NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2021.....	10
TAFLA 13: ÁÆTLAÐAR GREIÐSLUR STOFNSTYRKJA TIL HITAVEITNA ÁRIÐ 2021	11
TAFLA 14: RÁÐSTÖFUNARFÉ VIÐFANGS 112 FYRIR ÁRIÐ 2021, STAÐAN 1. OKTÓBER OG ÁÆTLUÐ LOKASTAÐA	12
TAFLA 15: RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 Á ÁRINU 2022 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	12
TAFLA 16: FRUMDRÖG AÐ SKIPTINGU VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2022	13
TAFLA 17: ÁÆTLAÐAR GREIÐSLUR STOFNSTYRKJA TIL HITAVEITNA OG EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGA ÁRIÐ 2022.....	14
TAFLA 18: HUGMYNDIR AÐ HITAVEITUFAMKVÆMDUM Á NÆSTU ÁRUM.....	14

1 Inngangur

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum nr. 78/2002, falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár.

Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku eru hluti af fjárlagalið 04-583. Hann samanstendur af þremur mismunandi viðföngum:

- I. *Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis* er stærsta viðfang fjárlagaliðarins en ásamt því að niðurgreiða húshitun er því t.a.m. ætlað að standa straum af kostnaði við orkusparandi aðgerðir og umsjón með niðurgreiðslum húshitunarkostnaðar.
- II. *Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku* er til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli, til jafns við dýrasta þéttbýlisverð. Það er innheimt með jöfnunargjaldi á alla raforku sem fer um dreifikerfið, að undanskilinni stóriðju.
- III. *Notendur utan samveitna* er viðfang sem snýr að raforkuframléiðslu í Grímsey og Flatey þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað umfram tekjur af sölu rafmagns á þessum stöðum.

Hér á eftir verður sundurliðuð greining á hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Einnig er að finna upplýsingar um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva, eingreiðslur vegna aðgerða til orkusparandi framkvæmda s.s. smávirkjana, varmadælna og jarðhitaleitar á köldum svæðum. Skýrslan er gerð í nóvember 2021, áður en fjárlög ársins 2022 hafa verið lögð fyrir Alþingi. Áætlun ársins 2022 er því byggð á tillögu fjárlagafrumvarps ársins 2022 og verður endurskoðuð þegar það hefur verið samþykkt á Alþingi.

2 Niðurgreiðslur ársins 2020

2.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2020

Á fjárlögum ársins 2020 voru 3.585,6 m.kr. til ráðstöfunar fyrir fjárlagalið 04-583 Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku. Tafla 1 sýnir skiptingu fjárlagaliðarins niður á viðföng og það fé sem var til ráðstöfunar á árinu eftir að árið 2019 hafði verið gert upp.

Tafla 1: Skipting fjárlagaliðar 04-583 og fé til ráðstöfunar fyrir árið 2020

Viðfang (m.kr.)	Fjárlög 2020	Niðurstaða 2019	Niðurfellt frá 2019	Til ráðstöfunar 2020
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.511,9	92,6	-92,6	2.511,9
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	1.018,2	12,8	-12,8	1.018,2
113 - Notendur utan samveitna	55,5	-13,7	13,7	55,5
Samtals	3.585,6	91,7	-91,7	3.585,6

2.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

2.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Heildarmagn niðurgreiddrar orku til húshitunar með raforku og fjarvarma var 323,4 GWst árið 2020. Það þýðir að magn niðurgreiddrar orku á árinu 2020 var 6,9 GWst (2,1%) meiri en árið 2019. Ástæður þessa helgast fyrst og fremst af veðri. Hitastig ræður mestu um notkun og er

stundum nefnt að fyrir hverja gráðu sem hitastig breytist þá aukist eða minnki árleg notkun um 5%.

Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2020 í GWst.

Niðurgreiðslur (GWst)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	176,52	35,36	4,84	1,09	1,03	218,85
Fjarvarmi	16,40	43,58	44,59	-	-	104,56
Samtals	192,92	78,94	49,43	1,09	1,03	323,41

Tafla 3: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2020 í m.kr.

Niðurgreiðslur (m.kr.)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	1.284,10	252,29	27,78	5,56	5,87	1.575,59
Fjarvarmi	72,69	198,78	143,77	-	-	415,25
Samtals	1.356,79	451,07	171,55	5,56	5,87	1.990,84

2.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Á árinu 2020 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 5,6 m.kr. eða 2,1 m.kr. minni en áætlun gerði ráð fyrir. Íbúum í Grímsey hefur fækkað um 25% á undanförmum árum og eru nú skráðir 71 með lögheimili í eyjunni. Það hafa hins vegar ekki nema um 30 manns búsetu þar yfir veturinn Þessi aukna fjarvera hefur leitt til minni hitunarkostnaðar.

Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 3,3 m.kr. eða 0,2 m.kr. minna en áætlun gerði ráð fyrir.

Ekki er að vænta mikilla breytinga á niðurgreiðslum til þessara aðila á næstu árum að óbreyttu.

2.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Á árinu 2020 voru 352,6 m.kr. til ráðstöfunar til stofnstyrkja. Þetta var síðasta árið af þremur þar sem 308 m.kr. var sérstaklega bætt við fjárlagaliðinn til að nota í stofnstyrki til hitaveitna. Afgangur árána á undan vegna þess var 44,6 m.kr. og bættist því við til ráðstöfunar á árinu. Tafla 4 sýnir nánari útlitun á stofnstyrkjum til hitaveitna á árinu 2020

Tafla 4: Stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga árið 2020

Styrkþegi	Upphæð
Hitaveita Húnaþings vestra	26.752.128 kr.
RARIK ohf.	256.817.503 kr.
Skagafjarðarveitur	69.034.857 kr.
Samtals - Stofnstyrkir	352.604.488 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	63.955.410 kr.
Samtals - Stofnstyrkir og eingreiðslur	416.559.898 kr.

Lagning hitaveitu til Hafnar í Hornafirði er stærsta einstaka verkefnið sem ríkissjóður þarf að fjármagna með stofnstyrkjum á næstu árum. Samkvæmt úttekt Orkustofnunar hljóðar heildargreiðslan upp á um 1,5 milljarð króna ef allir tengjast. Það er ólíklegt að svo verði þar sem þess má t.a.m. vænta að það sé ekki hagstætt fyrir alla notendur í dreifbýli að tengjast hitaveitunni. Auk þess hafa verið dræmar undirtektir hjá notendum með beina rafhitun í þéttbýli Hafnar að tengjast hitaveitunni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að verðmunur á hitaveitunni og niðurgreiddri rafhitun er enginn og flestir notendur sjá ekki að fjárfestingin borgi sig. Flestir eru með

rafmagnspilofna og þurfa því að skipta öllu hitakerfinu út fyrir hitaveitu sem getur kostað milljónir fyrir hvern og einn.

Á árinu 2020 voru greiddar tæplega 64 m.kr. vegna eingreiðslna til einstaklinga en aldrei áður hefur verið greidd svo há upphæð á einu ári til þessa málaflökks. Skortur hefur verið á fjármagni til eingreiðslna vegna orkusparandi aðgerða og/eða bættrar orkunýtingar á síðustu árum og fjöldi umsókna því beðið afgangi.

2.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, tók ákvörðun um að veita ekki fjármunum til jarðhitaleitar á köldum svæðum á árinu 2020. Aftur á móti samþykkti ráðuneytið í byrjun ágúst 2020 heimild til Orkustofnunar til að fara í verkefni sem snýr að endurskoðun jarðhitaleitarátaks sem óskað var eftir stuðningi við að upphæð 10 m.kr. samkvæmt verklýsingu frá Orkustofnun. Verkefnið fór hægt af stað og var gert ráð fyrir að vinnan færi að mestu fram á árinu 2021.

2.2.5 Orkusparnaðaráttak

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu ársins til orkusparnaðaráttaks. Fjárframlag til þessa liðar er mjög mikilvægt og hefur það sannað sig og haft góð áhrif á þeim svæðum þar sem fjármunirnir hafa verið nýttir. Á undanförunum árum hefur megnið af þeim fjármunum sem varið hefur verið til orkusparnaðar farið á þau svæði landsins sem teljast til brothættra byggða í samráði við Byggðastofnun með góðum árangri. Hefur það leitt til betri lífskjara, bættrar orkunýtingar, aukinnar atvinnu við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæðum. Á árinu 2020 var 2% eða 50 m.kr. af endanlegri fjárheimild ársins til viðfangs 111 varið í málaflökkinn.

2.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fjárlögum ársins 2020 voru 1.018,2 m.kr. til ráðstöfunar til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifibýli. Alls var ráðstafað 1.014,9 m.kr. Lokastaða viðfangsins var því 3,2 m.kr. afgangur.

Tafla 5: Skipting viðfangs 112 milli dreifiveitna á árinu 2020 í m.kr.

Dreifiveita	Upphæð
Orkubú Vestfjarða ohf.	95.147.085 kr.
RARIK ohf.	919.829.198 kr.
Samtals	1.014.976.283 kr.

2.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Á fjárlögum voru 55,5 m.kr. ætlaðar til þessa viðfangs. Vegna breytinga á samningum milli ráðuneytisins og dreifiveitnanna sem gerður var eftir samþykkt fjárlagaliðarins, sem snérust um afskriftatíma véla og tækja ásamt breytingum á útreikningum fjármagnskostnaðar, hækkuðu útgjöld viðfangsins og varð niðurstaða þess 20,8 m.kr. umfram fjárheimildir.

Tafla 6: Skipting kostnaðar fyrir viðfang 113 á árinu 2020 í m.kr.

Viðfang 113 - Notendur utan samveitna 2020	
Orkubú Vestfjarða ohf.	11.634.857 kr.
RARIK ohf. vegna Grímseyjar	58.450.237 kr.
RARIK ohf. vegna Grímsstaða á Fjöllum	6.216.544 kr.
Samtals	76.301.638 kr.

2.5 Niðurstaða ársins 2020

Í upphafi ársins 2020 var útlit fyrir að hægt yrði að nýta tæplega 93 m.kr. afgang af fjárlagaliðnum á árinu 2019. Upphafleg áætlun Orkustofnunar tók mið af því. Síðar reyndist þetta ekki mögulegt þar sem afgangur ársins 2019 var á endanum ekki til ráðstöfunar á árinu 2020.

Tafla 7 sýnir upphaflega áætlun viðfangs 111 fyrir árið 2020 og stöðuna í árslok. Niðurstaðan var sú að það varð rúmlega 11 m.kr. afgangur á árinu 2020 af viðfangi 111, 3,2 m.kr. af viðfangi 112 og 20,8 m.kr. halli af viðfangi 113. Niðurstaða fjárlagaliðarins á árinu 2020 var því 6,3 m.kr. halli. Í upphaflegu áætluninni var gert ráð fyrir 15 m.kr. hærra framlagi til orkusparandi aðgerða þar sem allt að 15 m.kr. átti að verja til sérstaks átaks.

Tafla 7: Upphafs- og lokastaða viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2020

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 111	Áætlun ársins	Staðan í lok árs
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020</i>	2.511.900.000 kr.	2.511.900.000 kr.
<i>Niðurstaða fyrra árs</i>	92.619.853 kr.	92.619.853 kr.
<i>Niðurfellt frá fyrra ári</i>	0 kr.	-92.619.853 kr.
Staða í upphafi árs 2020	2.604.519.853 kr.	2.511.900.000 kr.
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	2.001.733.410 kr.	1.990.883.961 kr.
Olíuhitun, niðurgreiðslur	7.674.419 kr.	5.552.190 kr.
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3.528.711 kr.	3.268.151 kr.
Orkusparnaður - allt að 3% af fjárheimild	64.633.825 kr.	50.000.000 kr.
Umsjón, Orkustofnun	24.345.000 kr.	24.345.000 kr.
Jarðhitaleit	0 kr.	0 kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna	352.604.488 kr.	352.604.488 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga og önnur verkefni	150.000.000 kr.	73.955.410 kr.
Samtals - Ráðstafað	2.604.519.853 kr.	2.500.609.200 kr.
Niðurstaða ársins 2020	0 kr.	11.290.800 kr.

Tafla 8: Niðurstaða viðfangs 112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku árið 2020

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 112	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020</i>	1.018.200.000 kr.
<i>Niðurstaða fyrra árs</i>	12.810.259 kr.
<i>Niðurfellt frá fyrra ári</i>	-12.810.259 kr.
Staða í upphafi árs 2020	1.018.200.000 kr.
Samtals - Ráðstafað	1.014.976.283 kr.
Niðurstaða ársins 2020	3.223.717 kr.

Tafla 9: Niðurstaða viðfangs 113 – Notendur utan samveitna árið 2020

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 113	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020</i>	55.500.000 kr.
<i>Niðurstaða fyrra árs</i>	-13.734.089 kr.
<i>Niðurfellt frá fyrra ári</i>	13.734.089 kr.
Staða í upphafi árs 2020	55.500.000 kr.
Samtals - Ráðstafað	76.301.638 kr.
Niðurstaða ársins 2020	-20.801.638 kr.

Tafla 10: Niðurstaða fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2020

	Viðfang 111	Viðfang 112	Viðfang 113	Samtals
Höfuðstóll 1.1.2020	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Fjárlög 2020	2.511.900.000 kr.	1.018.200.000 kr.	55.500.000 kr.	3.585.600.000 kr.
Ráðstafað 2020	-2.500.609.200 kr.	-1.014.976.283 kr.	-76.301.638 kr.	-3.591.887.121 kr.
Niðurstaða 2020	11.290.800 kr.	3.223.717 kr.	-20.801.638 kr.	-6.287.121 kr.

3 Endurskoðuð áætlun ársins 2021

3.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2021

Fjárlagaliður 04-583 samanstendur af þremur mismunandi viðföngum. Þegar búið er að taka tillit til uppgjörs vegna stöðu fjárlagaliðarins í árslok 2020 lítur upphafsstaða hans út eins og fram kemur í töflu 11.

Tafla 11: Skipting fjárlagaliðar 04-583 og fé til ráðstöfunar fyrir árið 2021

Viðfang	Fjárlög 2021	Flutt frá 2020	Ráðstöfun 2021
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.262.400.000 kr.	0 kr.	2.262.400.000 kr.
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku	1.810.800.000 kr.	0 kr.	1.810.800.000 kr.
113 - Notendur utan samveitna	55.500.000 kr.	0 kr.	55.500.000 kr.
Samtals	4.128.700.000 kr.	0 kr.	4.128.700.000 kr.

3.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

3.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Þegar skýrslan er gerð liggur fyrir uppgjör til 1. október. Flest atriði eru í góðu samræmi við áætlun ársins eins og fram kemur í töflu 12, nema stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga. Dregist hefur að greiða stofnstyrki fyrir þann hluta sem eftir stendur vegna fjarvarmaveitunnar á Höfn en það verður gert á næstu misserum. Nánar verður farið yfir stofnstyrki til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga í kafla 3.2.3.

Miklar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi dreifbýlisframlagsins sl. vor sem hefur áhrif á niðurgreiðslur í dreifbýli. Nánar er farið í það í kafla 3.3. Vegna þessa er áætlað að upphæð til beinna niðurgreiðslna á árinu verði um 3,5 m.kr. lægri en upphaflega var áætlað. Kalt haust hefur einnig áhrif en reiknað var með að meira myndi sparast í beinar niðurgreiðslur til húshitunar með auknu dreifbýlisframlagi.

Tafla 12: Upphafsstæða og áætluð niðurstaða viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2021

Fjárlagaliður 04-583 / viðfang 111	Áætlun ársins	Staðan 1.10.2020	Áætluð stæða í lok árs
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2021</i>	2.262.400.000 kr.	2.262.400.000 kr.	2.262.400.000 kr.
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.893.543.725 kr.	1.417.620.703 kr.	1.890.257.400 kr.
Olíuhitun, niðurgreiðslur	5.409.329 kr.	4.872.379 kr.	6.800.000 kr.
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3.554.958 kr.	2.445.771 kr.	3.300.000 kr.
Orkusparnaður – 2% af fjárheimild	45.248.000 kr.	45.248.000 kr.	45.248.000 kr.
Umsjón, Orkustofnun	23.200.000 kr.	17.400.000 kr.	23.200.000 kr.
Jarðhitaleit	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Stofnstyrkir hitaveitur	251.443.988 kr.	129.425.313 kr.	265.594.600 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	40.000.000 kr.	18.315.734 kr.	28.000.000 kr.
Samtals:	2.262.400.000 kr.	1.635.327.900 kr.	2.262.400.000 kr.
<i>Mismunur</i>	<i>0 kr.</i>	<i>627.072.100 kr.</i>	<i>0 kr.</i>

3.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Niðurgreiðslur vegna heimarafstöðva hafa haldist nokkuð í takt við upphaflegar áætlanir, jafnvel aðeins lægri en áætlað var. Þróun olíuverðs hefur verið önnur en áætlað var, ásamt því að nýr aðili bættist við á árinu sem átti rétt á niðurgreiðslum aftur til 2019. Þetta gerir það að verkum að niðurgreiðslur vegna olíuhitunar verða um 1,4 m.kr. hærri en upphaflega var áætlað.

3.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Á árinu hafa stofnstyrkir fyrst og fremst farið til RARIK vegna hitaveituframkvæmda á Höfn. Eins og fram kemur í upphaflegu áætluninni í töflu 12 var gert ráð fyrir rúmlega 251 m.kr. í stofnstyrki. Sú upphæð stefnir í að verða um 15 m.kr. hærri vegna lægri niðurgreiðslna og eingreiðslna til einstaklinga. Eingreiðslur til einstaklinga eru þungar í vöfum og hægt gengur að koma málum áfram ásamt því að heilt yfir eru styrkþegar að taka sér lægri upphæðir en áður. Bendir allt til þess að ekki náist að greiða allt út sem gert var ráð fyrir í upphafi og því hægt að nýta hluta af þeirri upphæð í stofnstyrki. Sú breyting átti sér stað snemma á árinu að RARIK óskaði eftir að stofnstyrkir tækju mið af 16 ára niðurgreiðslum og var það samþykkt. Það þýðir þriðjungs hækkun á áður reiknaða stofnstyrki til RARIK. Þetta breytir þó engu um útborgun ársins en skilur eftir hærri eftirstöðvar en gert var ráð fyrir í upphafi. Þess ber að geta að eftirstöðvar greiðslna til RARIK vegna hitaveitu á Höfn taka mið af því að allir taki inn hitaveitu sem teljast verði ólíklegt þannig að tölurnar munu að öllum líkum lækka. Minni framkvæmdir koma alltaf inn með skömmum fyrirvara og framkvæmdartíminn yfirleitt stuttur. Í töflu 13 er yfirlit yfir væntanlegar greiðslur á árinu 2021 og síðar.

Tafla 13: Áætlaðar greiðslur stofnstyrkja til hitaveitna árið 2021

Hitaveita / Svæði	Greitt 1.10.2021 [m.kr.]	Áætlaðar greiðslur 2021 [m.kr.]
Skagafjarðarveitur - Óslandshlíð		24,9
RARIK	129,4	216,7
- Höfn í Hornafirði - Fjarvarmi	59,4	59,4
- Höfn í Hornafirði - Bein rafhitun - Þéttbýli	27,1	72,0
- Höfn í Hornafirði - Bein rafhitun - Dreifbýli	43,0	85,2
Melaveita í Hvalfjarðarsveit		9,5
Hitaveita í Leirársveit		5,0
Norðurorka - Minni framkvæmdir		9,5
Samtals	129,4	265,6

Eingreiðslur til einstaklinga voru áætlaðar 40 m.kr. á árinu en hæggangur í samningsgerð, langur undirbúningsferill og ákvarðanatataka notenda vegna þeirrar skerðingar sem eingreiðsla hefur í för með sér hefur tafið afgreiðslur. Orkustofnun vinnur að breytingum á kerfinu sem kynntar verða fljótlega fyrir ráðuneytinu.

3.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, tók ákvörðun um að veita ekki fjármunum til jarðhitaleitar á köldum svæðum á árinu 2021.

3.2.5 Orkusparnaðarátak

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu ársins til orkusparnaðarátaks. Fjárframlag til þessa liðar er mjög mikilvægt og hefur það sannað sig og haft góð áhrif á þeim svæðum þar sem fjármunirnir hafa verið nýttir. Á undanfönum árum hefur megnið af þeim fjármunum sem varið hefur verið til orkusparnaðar farið á þau svæði landsins sem teljast til brothættra byggða með góðum árangri. Hefur það leitt til betri lífskjara, bættrar orkunýtingar, aukinnar atvinnu við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæðum. Á árinu 2021 hófust svo orkuskipti í Grímsey þar sem fjárfest hefur verið í 12 kW sólarorkuveri sem og tveimur 6KW vindmyllum. Þegar uppsetningu lýkur mun hluti raforkuframleiðslu eyjarinnar verða grænn sem opnar á möguleikann til að hætta olíukyndingu í eyinni og skipta yfir í rafhitun með varmadælum. Þetta er mikilvægur áfangi sem færir okkur nær því að hætta endalega niðurgreiðslum á olíukyndingu sem einfaldar umsýslu Orkustofnunar og er liður í að hætta niðurgreiðslum á jarðefnaeldsneyti.

Samþykkt var að veita 45,2 m.kr. króna til þessa málaflokks en það er 2% af fjárveitingu ársins til viðfangs 111. Ráðstöfunarfé til þessa málaflokks á árinu er því 9,5% lægri en árið á undan.

3.2.6 Endurskoðuð áætlun ársins 2021

Sú áætlun sem fram kemur í töflu 12 stendur að mestu óbreytt út árið en þær breytingar sem kunna að verða yrðu þá í tengslum við það orkumagn sem verður á endanum notað til húshitunar á árinu og hvernig framkvæmdum og inntöku hitaveitna miðar áfram.

3.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fjárlögum 2021 voru 1.810,8 m.kr. til ráðstöfunar vegna dreifingar raforku í dreifbýli. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafði RARIK dreift fimm GWst (1,4%) meira af raforku í dreifbýli en áætlun þeirra gerði ráð fyrir í upphafi árs. OV var hins vegar nánast á pari við áætlun.

Þann 1. maí sl. var tekið upp nýtt fyrirkomulag við dreifbýlisframlagið og nú niðurgreiðir ríkið bæði fastagjöld og aflgjöld til viðbótar við orkugjaldið í dreifbýli. Þetta hefur leitt til lækkunar á verði til notenda í dreifbýli og niðurgreiðsluþörf til húshitunar. Þá var farin sú leið að greiða dreifiveitum áætlað dreifbýlisframlag með fjórum jöfnun greiðslum í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

Viðfang 112 er fjármagnað með sérstökum skatti (jöfnunargjald) á raforku en hann hækkaði um síðustu áramót, fór úr 0,30 kr/kWst í 0,34 kr/kWst fyrir forgangsorku. Áætlað er að þessi breyting hækki innheimt jöfnunargjald um u.þ.b. 130 m.kr. á ári. Innheimt jöfnunargjald er því áætlað að gefa um 1.200 m.kr. í tekjur. Þá lagði ríkissjóður til sérstakt 690 m.kr. aukafjármagn í fjárlögum til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku. Áætlað er að þetta aukafjármagn verði árlegt til a.m.k. 2025. Þær tekjur sem innheimtast með jöfnunargjaldinu eru eingöngu ætlaðar að jafna kostnað við dreifingu raforku, skv. gildandi lögum. Því er mikilvægt að tryggja, ef af verður, að afgangur í lok árs færist þá yfir á næsta ár.

Tafla 14: Ráðstöfunarfé viðfangs 112 fyrir árið 2021, staðan 1. október og áætluð lokastaða

Dreifiveita	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020</i>	<i>1.810.800.000 kr.</i>
Orkubú Vestfjarða ohf.	121.735.403 kr.
RARIK ohf.	1.236.364.597 kr.
Samtals greitt 1. október 2021	1.358.100.000 kr.
Mismunur	452.700.000 kr.
<i>Áætluð staða í árslok 2021</i>	<i>1.810.800.000 kr.</i>
<i>Áætluð niðurstaða ársins 2021</i>	<i>0 kr.</i>

3.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Ríkissjóður er með samning við dreifiveiturnar RARIK og Orkubú Vestfjarða (OV) um raforkuframleiðslu utan samveitna þ.e. í Grímsey og Flatey. Þegar þetta er ritað liggur fyrir uppgjör ársins 2020 frá RARIK og OV og hljóðar það upp á 76,6 m.kr. auk reksturs á Grímsstöðum á Fjöllum vegna hluta ársins 2021 þar sem þegar eru komnar rúmar fjórar m.kr. til innheimtu m.v. ágúst 2021. Því er ljóst að þær 55 m.kr. sem eru til ráðstöfunar á þessu ári munu ekki duga.

4 Frumdrög að áætlun ársins 2022

4.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2022 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Í því frumvarpi sem líklegast verður lagt fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 4.176,5 m.kr. til niðurgreiðslna og tengdra verkefna. Breytingar fjárlagaliðarins í meðförum þingsins, niðurstaða ársins 2021 og tilhögun millifærslna á milli ára ráða því síðan hver endanleg upphæð verður en áætlanir hér á eftir taka mið af fjárlagafrumvarpinu.

Tafla 15: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2022 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Viðfang (m.kr.)	Frumvarp að fjárlögum 2022
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.262,4
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku	1.833,6
113 - Notendur utan samveitna	80,5
Samtals	4.176,5

4.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

4.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Forsendur Orkustofnun fyrir niðurgreiðslum ársins 2022 byggir á áætluðum verðbreytingum dreifiveitna, óbreyttu dreifbýlisframlagi (á meðan annað liggur ekki fyrir), aukningu í dreifingu raforku (m.a. vegna aukinna uppsjávarveiða) og veðurfari á seinni hluta ársins 2021. Tafla 16 sýnir frumdrög Orkustofnunar að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2022.

Tafla 16: Frumdrög að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2022

Fjárlagaliður 04-583 / Viðfang 111	Upphæð [m.kr.]
Áætluð upphafsstaða 2022	2.262,4
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.988,7
Olíuhitun, niðurgreiðslur	7,0
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3,7
Orkusparnaður, 1,97% af fjárheimild	44,6
Orkustofnun, umsjón	26,4
Stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga	192,0
Samtals	2.262,4

Við áætlun á beinum niðurgreiðslum er gert ráð fyrir að notkun næsta árs vegna húshitunar komi til með að aukast í heildina um 3%. Horft er til þess að dreifi- og fjarvarmaveitur muni hækka nógildandi gjaldskrár sínar um allt að 4%, jafnvel meira þar sem vísitala neysluverð frá október 2020 til október 2021 hækkaði um 5%. Þá er gert ráð fyrir að dreifbýlisframlagið hækki ekki vegna aukinnar dreifingar og lítillar hækkunar á ráðstöfunarfé ársins 2021. Þetta leiðir að öllum líkindum til þess að niðurgreiðslur vegna húshitunar í dreifbýli hækka og þá sérstaklega ef það verða einnig verðhækkanir á gjaldskrá RARIK og OV í dreifbýli. Á móti kemur að sífellt fleiri tengjast hitaveitu eða setja upp varmadælu sem dregur að einhverju leyti úr aukningunni. Rætt hafði verið um að 180 m.kr. myndu koma aukalega til ráðstöfunar á árinu 2022, við þær 690 m.kr. sem voru veittar aukalega á þessu ári en það er þó ekki að finna í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

Nánar er fjallað um aðra liði töflu 16 í næstu undirköflum.

4.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Reikna má með að niðurgreiðslur vegna olíuhitunar verði svipaðar og á árinu 2021 m.v. notkun undanfarinna ára. Sömu sögu er að segja af niðurgreiðslum til heimarafstöðva.

4.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Ekki er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til stofnstyrkja í fjárlagafrumvarpi ársins né fjármálaáætlun til ársins 2025. Áætluð þörf á upphæð stofnstyrkja á árinu 2022 og síðar eru rúmlega 690 m.kr. Þörfin á stofnstyrkjum á árinu 2022 ræðst fyrst og fremst af framkvæmdahraða notenda á Höfn. Einnig hefur áhrif hversu margir taka inn hitaveituna þar en þær tölur sem liggja fyrir taka mið af að allir tengist hitaveitunni. Orkustofnun stefnir að því að kynna fyrir ráðuneytinu hugmynd að einfaldara eingreiðslukerfi til einstaklinga sem mun að öllum líkindum kalla á aukna eftirspurn eftir fjármunum til orkusparandi aðgerða.

Samkvæmt áætlun ársins eru aðeins 192 m.kr. til ráðstöfunar fyrir stofnstyrki og eingreiðslur til einstaklinga. Tafla 12 sýnir þær framkvæmdir sem hafa verið í gangi og þær sem reiknað er með að eigi sér stað á árinu 2022. Ógjörningur er að ákveða með nákvæmum hætti skiptingu fjármuna á þessi verkefni fyrirfram en greiðslur munu vera í samræmi við innsend gögn um tengingar.

Tafla 17: Áætlaðar greiðslur stofnstyrkja til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga árið 2022

Styrkþegi	Áætlaðar greiðslur 2022 [m.kr.]
Hitaveita Húnaþings vestra - Víðidalur	12,2
Skagafjarðarveitur - Óslandshlíð	17,7
RARIK	85,0
- Höfn í Hornafirði - Bein rafhitun - Þéttbýli	56,0
- Höfn í Hornafirði - Bein rafhitun - Dreifbýli	30,0
Hitaveitufélag Hvalfjarðarsveitar	17,1
Norðurorka - Minni framkvæmdir	10,0
Samtals - Stofnstyrkir	142,0
Eingreiðslur til einstaklinga	49,0
Samtals - Stofnstyrkir og eingreiðslur	192,0

Þrátt fyrir að víða hafi verið rætt um nýjar hitaveitur á undanförunum árum þá eru flestar enn á byrjunarreit eða varla það. Inn á borð Orkustofnunar hafa komið eftirfarandi fyrirspurnir um stofnstyrki á undanförunum árum án þess að verkefnið hafi komist á framkvæmdarstig.

Tafla 18: Hugmyndir að hitaveituframkvæmdum á næstu árum

Framkvæmd	Staðan
Hitaveita á Hólmavík	Strandað á samkomulagi við eiganda auðlindarinnar um verð.
Hitaveita á Tálknafirði	Strandað á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
Hitaveita Grundarfirði	Hugmyndir um nýtingu glatvarma ásamt varma úr bergi.
Hitaveita frá Grundartanga	Í tengslum við glatvarma frá álverinu.
Hitaveita á Vopnafirði	Frekar nýjar hugmyndir sem eru enn í mótun.
Hitaveita á Reyðarfirði	Í tengslum við glatvarma frá álverinu.
Hitaveita á Djúpavogi	Líklegasta verkefnið.
Hitaveita að Eiðum	Á byrjunarreit.

Erfitt er að henda reiður á hvort eitthvað af þessum verkefnum verði að veruleika eða ekki þar sem sum þessara verkefna hafa verið í deiglu allt frá árinu 2015. Stofnstyrkir vegna allra þessara framkvæmda hleypur á milljörðum króna ef af þeim öllum verður.

Það er mat Orkustofnunar að eingreiðslur til einstaklinga sé hvað best heppnaða aðgerð sem ráðist hefur verið í með breytingum á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Aðgerðin skilar sér fjárhagslega hvað best í lækkun, eða a.m.k. að halda í horfinu, með niðurgreiðslum ríkisins ásamt því að lækka orkureikninga einstaklinga og auka framboð á raforku inn á dreifikerfið. Hins vegar hefur gengið erfiðlega að koma þessu fjármagni út af ýmsum ástæðum og er Orkustofnun með í undirbúningi hugmyndir að breytingum á kerfinu. Helstu rök fyrir breytingum eru af eftirfarandi ástæðum:

Ójafnræði og tímafrek umsýsla:

- Eingreiðsla byggir á krónutölu niðurgreiðslna á hverju dreifisvæði sem þýðir að opinber styrkuppþæð fyrir sams konar framkvæmd og árangur er mismunandi milli svæða.

Hátt flækjustig notanda:

- Að fá upplýsingar um orkunotkun síðustu 5 ára.
- Að meta sjálfur og taka endanlega ákvörðun um tæknilegan ávinning framkvæmdarinnar.
- Að lækka niðurgreiðslustuðul húsnæði síns út frá eigin áhættumati. Getur haft áhrif á framtíðar verð- og sölugildi fasteignar.

- Að meta aukna framtíðarráforkunotkun til að lenda ekki í óþörfum kostnaði.

Tímafrek umsýsla Orkustofnunar:

- Vinna við samskipti og aðstoð við áætlanagerð með notendum.
- Vinna við öflun upplýsinga, mat á þeim og úrvinnsla.
- Vinna við samningagerð vegna eingreiðslna.
- Vinna við endurskoðun vegna eigandaskipta og búferlaflutninga.

Ef ráðuneytið samþykkir þær breytingar sem Orkustofnun leggur til má búast við mikilli aukningu umsókna um eingreiðslur og gerir Orkustofnun ráð fyrir allt að 50 m.kr. til verkefnisins á fyrsta ári. Þegar eru nokkur verkefni í gangi sem eru stærri í sniðum en hvað varðar einstaklinga. Sveitarfélög eru sum hver farin að kanna möguleika á varmadælulausn fyrir sína íbúa sem kost á móti hitaveitu eða þar sem ekki er mögulegt að leggja hitaveitu. Í Tjörneshreppi er búið að setja 13 varmadælur á jafn mörg býli sem til bráðabirgða eru fjármöggnuð af sveitarfélaginu og í athugun er sambærileg aðgerð í Hörgárbyggð og Skútustaðahreppi. Sveitarfélögin þar munu þó ekki fjármagna verkefni í upphafi. Í núverandi umhverfi flækir það málið verulega að þurfa að gera þinglýsta samninga um eingreiðslu á hverja fasteign en í tillögum Orkustofnunar opnast möguleiki á einfaldari lausn.

4.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið samþykkti á árinu 2020 tillögu Orkustofnunar um úttekt á stöðu jarðhitaleitar og lagningu hitaveitna með það í huga að skilgreina betur rafhituð svæði til frambúðar og hvaða möguleikar væru til lækunar húshitunarkostnaðar á þeim svæðum. Skýrslan er langt komin og er hugsuð sem lífandi skýrsla/verkefni sem tekur breytingum m.v. stöðuna á hverjum tíma. Unnið er að kynningu hugmynda Orkustofnunar á hverju svæði fyrir sig og óskað verður eftir athugasemdum sveitarfélaga en endanlegar tillögur munu væntanlega liggja fyrir í kringum næstu áramót.

4.2.5 Orkusparnaðarátak

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagalið 04-583 til orkusparandi aðgerða. Á árinu 2022 er stefnt á nokkur verkefni tengd orkuskiptum í húshitun og bættri orkunýtni. Stefnt er á tilraunaverkefni með borvarmadælum þar sem nýtt er ódýrari bortækni en nú er í boði. Boraðar verða nokkrar holur á sama svæði til að draga úr kostnaði en varmadælur með borholum er skilvirkasta og öruggasta leiðin til bættrar orkunýtingar. Orkusetur stefnir einnig á uppsetningu viðarpilluofna á stöðum þar sem olía er nýtt til kyndingar bæði hjá einstaklingum en einnig mögulega við fjarvarmaveitur sem þurfa að brenna olíu þegar ótryggð orka er skert. Fjárhagslegt svigrúm verður svo nýtt til áframhaldandi verkefna í brothættum byggðum. Gert er ráð fyrir að áframhald verði á þessum verkefnum á árinu 2022. Orkustofnun leggur til að 1,97% af fjárheimild ársins til viðfangs 111 verði varið í málaflokkinn í gegnum Orkusetur.

4.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fjárlögum ársins 2021 hækkaði framlag til dreifbýlisframlagsins verulega. Í fyrsta lagi var jöfnunargjaldið hækkað um 13% sem átti að gefa 130 m.kr. og beint framlag frá ríkissjóði upp á 690 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 2021. Samtals var til ráðstöfunar 1.810,8 m.kr. Í þeim tillögum sem höfðu komið fram við vinnu við fjárlög 2021 var gert ráð fyrir að framlag ríkisins myndi hækka úr 690 m.kr. í 870 m.kr. á árinu 2022. Samkvæmt fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi verða 1.833,6 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 2022, sem er 22,8 m.kr. aukning frá fyrra ári. Er því ekki hægt að gera ráð fyrir að dreifbýlisframlagið hækki frá því sem nú er. Samkvæmt síðustu upplýsingum stefnir ráðuneytið að því að koma 47,6 m.kr. til þessa málaflokks inn í aðra umræðu um fjárlagafrumvarp 2022. Þessi upphæð, 1.881.2 m.kr., mun þó duga skammt til að hækka dreifbýlisframlagið á árinu 2022.

4.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Í kjölfar nýrra samninga við dreifiveitur um raforkuframleiðslu utan samveitna eru forsendur afskrifta og fjármagnskostnaðar breyttar frá því sem áður var sem leiðir til hærri útgjalda ríkissjóð vegna notenda utan samveitna. Fjárlagafrumvarpið gerir nú ráð fyrir 80,5 m.kr. til málaflokksins í stað 55,5 m.kr. áður. Er það alveg á mörkum þess að duga m.v. væntanlegt uppgjör ársins 2021.

5 Niðurlag

Áætlun ársins 2022 er gróflega áætluð út frá þeim gögnum sem eru fyrir hendi og ber að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem margar utanaðkomandi og óviðráðanlegar breytur geta haft áhrif á þróun mála. Dreifbýlisframlagið hefur m.a. einnig áhrif á:

- *niðurgreiðslur á húshitun*. Hærra dreifbýlisframlag → lægri niðurgreiðslur.
- *stofnstyrki til hitaveitna*. Hærra dreifbýlisframlag → lægri styrkuppþæðir. Lægri stofnstyrkir til hitaveitna í dreifbýli draga úr hagkvæmni hitaveituframkvæmdanna. Þá hefur lægra dreifbýlisframlag einnig þau áhrif að meira fjármagn þarf til beinna niðurgreiðslna á húshitun sem leiðir til þess að minna fjármagn verður til ráðstöfunar til stofnstyrkja til hitaveitna.
- *eingreiðslur til einstaklinga*. Hærra dreifbýlisframlag → lægri eingreiðslur í núverandi fyrirkomulagi. Ef hugmyndir Orkustofnunar verða að veruleika mun dreifbýlisframlagið ekki hafa áhrif. Þá hefur lægra dreifbýlisframlag einnig þau áhrif að meira fjármagn þarf til beinna niðurgreiðslna á húshitun sem leiðir til þess að minna fjármagn verður til ráðstöfunar til eingreiðslna til einstaklinga.

Orkustofnun áskilur sér rétt til að endurskoða áætlun ársins 2022 þegar fjárlög ársins hafa verið samþykkt og betri upplýsingar um dreifingu ársins 2021 liggja fyrir sem og áætluð dreifing dreifiveitnanna á árinu 2022.

